



Minnispunktur frá fundi þann 3. febrúar 2020

Efni: Fundur með fulltrúum Rangárþings ytra vegna þverunar Þjórsár ofan Þjófafoss.

Fundarstaður: Skrifstofa Rangárþings ytra á Hellu

Fundartími: 3. febrúar 2020, kl. 13:30-14:30.

Þátttakendur:

Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingafulltrúi, Rangárþings ytra
Gunnar Þór Guðmundsson, verkefnisstjóri, Landsvirkjun
Albert Guðmundsson, verkefnisstjóri, Landsvirkjun

Tilgangur fundarins var að fjalla um skipulagsmál, leyfismál, landréttindi og ýmis önnur mál er snerta undirbúning að byggingu göngu- og reiðbrúar yfir Þjórsá ofan Þjófafoss.

Eftirfarandi atriði komu fram á fundinum:

- Leyfismál:** Gert hefur verið ráð fyrir göngu- og reiðbrú yfir Þjórsá í aðalskipulagi Rangárþings- ytra. Fram kom að unnið er að undirbúningi framkvæmdaleyfisumsóknar á grundvelli aðalskipulags. Ekki þarf að sækja um byggingarleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda.
- Landréttindi:** Í Rangárþingi ytra er um að ræða tvær jarðir, Galtalæk 2 og Merkihol. Fundað var með landeigenda Galtalækjar 2 þann 23. október sl. og farið í vettvangsferð. Merkihol er í eigu Rangárþings-ytra.

Landsvirkjun mun undirbúa drög að texta vegna samkomulags við landeigenda Galtalækjar 2. Hugsanlega er um að ræða þríliða samkomulag þ.e.a.s. milli landeigenda Galtalækjar 2, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra. Landsvirkjun mun á næstu vikum kynna fyrirhugaða framkvæmd nánar fyrir landeigenda Galtalækjar 2.

- Eignarhald á vegi:** Rætt var um eignarhald á núverandi vegi að Þjófafossi. Fram koma að í raun er um er að ræða heimreið að Skarfanesi. Vegurinn er ekki á forræði Vegagerðarinnar, sem hefur þó hingað til annast heflun vegarins. Samráð verður haft við sveitarfélagið vegna plans og tengingar við umræddan veg og rætt við Vegagerðina áður en framkvæmdir hefjast.



- 4. Framkvæmdartími:** Landsvirkjun gerði stuttlega grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum. Verkefnið verður boðið út nú í vor og áformað er að hefja framkvæmdir næsta haust þegar aðstæður leyfa. Gert er ráð fyrir að verki verði lokið vorið 2021. Þó eru áform um að hefja framkvæmdir við slóðagerð í Rangárþingi ytra auk lagningar plans nú í sumar.

Fleira var ekki skráð